

**Kammerkór Akraness** var stofnaður í ársbyrjun 2004 og eru flestir meðlimir einnig félagar í Kór Akraneskirkju. Kórinn hefur ekki fasta æfingatíma en kemur saman reglulega og vinnur þá að ákveðnum verkefnum. Kórinn hefur sungið við helgihald í Akraneskirkju og á Hólahátíð, auk þess sem hann hefur komið fram á tónleikum víða um land. Meðal kirkjulegra verka sem kórinn hefur flutt er Messe Basse eftir Gabriel Fauré og Kantata nr. 61 eftir J. S. Bach, Nun komm der Heiden Heiland. Veturinn 2007-2008 flutti kórinn efnisskrá sem unnin var upp úr bókunum Ljóð og lög sem Þórður Kristleifsson vann efni í og út komu á árunum 1939-1949.

Markmið kórsins er fyrst og fremst að hafa gaman af því að koma saman og syngja og vinna síðan út frá því.

Með það að vopni eru margir vegir færir.

**Akranes chamber choir** was founded in 2004. The choir sings at ceremonies in Akranes church and most members also sing in Akranes church choir. Besides that the choir has performed around Iceland where among other works Gabriel Fauré's Messe Basse and Cantate nr. 61 by J. S. Bach, Nun komm der Heiden Heiland, have been on the program. In this concert we hear a program from the collection „Ljóð og lög“ (Poems and songs) which Þórður Kristleifsson collected and published in 1939-1949.